



# *Saga saumuð á langan refil*

Bayeux refillinn  
Reynir Tómas Geirsson



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
Þriðjudaginn 6. febrúar 2024 kl. 20:00



**Dvergurinn frá Normandí** er hugljúf og grípandi skáldsaga um hvernig tvær ungar stúlkur, Fífa og Emma, og tvær ungar konur, Gyða og Poppa, fá það verkefni í klaustri einu í Kent á Englandi að sauma refileinn, sem seinna var kenndur við Bayeux í Normandí, undir stjórn hins dvergvaða Þóralds. Aðrar sögupersónur eru bitur engilsaxneskur höfðingi, abbadís klaustursins, myndarlegi hesta-sveinninn, biskupinn og jarlinn Ódó frá Normandí og fólkið í klaustrinu.

Í bókinni eru sannir örlagaatburðir ofnir inn í lifandi frásögn þar sem vaknandi vitund unglingsára um ástina og illsku manna endar með óvæntum hætti. Sagan gefur innsýn í tíðarandann, klausturlíf, hugsana-gang og lifnaðarhætti þessara tíma og er fléttuð saman við frásögn af raunverulegu atburðunum sem enduðu í mannskæðri orrustu við Hest-engi syðst í Englandi haustið 1066. Litmyndir af Bayeux-reflinum eru þar í bókinni sem atburðum er lýst.

*Dvergurinn frá Normandí* eftir Lars-Henrik Olsen kom fyrst út í Kaup-mannahöfn árið 1988. Lars-Henrik er líffræðingur og rithöfundur og hefur skrifað skáldverk fyrir börn og fullorðna auk bóka um náttúruna. Rit hans eru margverðlaunuð og hafa verið þýdd á mörg tungumál, þar á meðal íslensku.

Steinunn J. Sveinsdóttir lífeindafræðingur þýddi bókina á íslensku. Hún lést árið 2018 og þá tók eiginmaður hennar, Reynir Tómas Geirsson læknir og fyrrverandi prófessor, að sér að rita inngang og yfirfara þýðinguna til útgáfu. Í inngangi eru raktar sögulegar staðreyndir og sagt frá refilsaumi sem hvergi hefur varðveittst nema Íslandi.

*Bókin fæst í bókabúðum og einnig gegnum heimasíðu forlagsins:*  
<https://bokabeitan.is/products/dvergurinn-fra-normandi>